



Ylur - Waldorf leikskóli

Námskrá:

Í leikskólanum er starfað eftir mannspekistefnu Rudolfs Steiners og grundvallarmarkmið leikskólans er að hvert einstakt barn þroski með sér sérkenni sín og einstaklingseðli í félagslegu samneyti. Í gegnum hinn frjálsa leik, fyrirmynd/eftirhermu, hrynjanda, ævintýri, söng og leiki ásamt skynjun. Skólanámskrá ásamt starfsáætlun/ársskýrslu Yls er unnin í takt við Aðalnámskrá leikskóla og fram koma markmið með leikskólastarfinu, áhersluatriði í starfi og þær leiðir sem farnar eru.

Reglugerð:

Í leikskólanum eru 20 börn á aldrinum 2 – 5 ára. Heildarrými leikskólans er 139.5 m². Leikrými leikskólans er 80 m² og útisvæðið er 10 hektarar. Við leikskólann eru 4,3 stöðugildi auk matráðar sem eldar einnig fyrir grunnskólann. Ekki er gert ráð fyrir afleysingu inni í þeim stöðugildum heldur er hún samnýtt með grunnskólanum. Ýmsar framkvæmdir hafa verið gerðar í leikskólanum en þó nokkur þörf er á viðhaldi á húskosti leikskólans. Það þarf nauðsynlega að yfirfara ýmislegt en verið er að skoða samning leikskólans og Kópavogsbæjar og hver beri ábyrgð á framkvæmdum við húsið. Ingibjörg leikskólastjóri er í sambandi við Ara deildarstjóra fasteigna hjá Kópavogsbæ. Hingað til hefur viðhaldi verið sinnt ýmist af Kópavogsbæ, foreldrum og/eða starfsmönnum beggja skólanna. Það sem þarf t.d. að skoða er útidyrhúð, rafmagn, dúkar, mála gafla hússins.

Sérkennsla:

Engin börn eru skráð með sérkennslu í leikskólanum. Leikskólastjóri fundaði með deildarstjóra leikskóladeildar ásamt sérkennsluráðgjafa og leikskólaráðgjafa. Leikskólastjóri hefur leitað til sérkennslufulltrúa, sálfræðings og talmeinafræðings á leikskóladeild.

Dvalartími:

Daglegur dvalartími barnanna styttest um hálf tíma í upphafi skólaárs og er frá 8:00 – 15:00, en börnin koma og fara með rútu innan þess tíma.

Starfsmenn:

Leikskólastjóri vinnur í góðu samstarfi með deildarstjóra og starfsmönnum leikskólans. Ábyrgð er dreif milli starfsmanna eftir áhugasviði og hæfileikum hvers og eins. Í upphafi leikskólaársins er ákveðið hver tekur að sér hvaða hlutverk og axlar þá ábyrgð á viðkomandi verkefni. Starfsmannafundir eru vikulega í leikskólanum og einu sinni á ári eru sameiginlegir fundir með grunnskólanum ásamt stuttum nefndarfundir á undan. Auk fastra funda eru fundað í minni hópum í tengslum við hin ýmsu verkefni. Allir fundir og undirbúningur fer fram utan hefðbundins dvalartíma barnanna. Fundir og skipulagsdagar eru nýttir til ræða einstök börn, fyrir fræðslu og endurmenntun ásamt því að taka til, mála og annað slíkt viðhald.

Sumarleyfi:

Leikskólinn lokar í 5 vikur samfelld.

Foreldrasamvinna

Einstaklega góð foreldrasamvinna sem er með ýmsum hætti. Foreldrar taka þátt m.a. í vinnuhelgum þar sem farið er yfir leikefni o.fl. Foreldrafundir eru 2 á ári og foreldraviðtöl eru einu sinni á ári. Foreldrar sjá um helgarþrif í leikskólanum og einnig um vorhátíð leikskólans. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það einnig foreldrafélagið, vegna smæðar kemur þetta fyrirkomulag vel út.

Öryggismál

Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits gildir til 28.ágúst 2028.

Tryggingarvottorð gildir til 28. febrúar 2022.

Starfsleyfi Kópavogsbæjar gildir til 30.apríl 2023.

Annað

Yndislegar og upplýsandi móttökur í Yl þar sem leikskólastjóri og deildarstjóri áttu fund með Vigdísi leikskólaráðgjafa og Önnu Karen sérkennslufulltrúa, samtal um starfið og þróun þess og umræður um barnahópin og einstök börn. Starfið einkennist af meira jafnvægi og festu, gleði og ánægju þrátt fyrir einstaklega erfiðan síðasta vetur en haustið fór mjög vel af stað að þessu sinni með góðum starfsmannahópi og trú á starfið.

Í Yl er unnið metnaðarfullt starf af alúð og hlýju og trú á að waldorfsuppeldisfræðin, sú menntastefna sem kennd er í leikskólanum hafi mikið og gott erindi út í samfélagið.

Nauðsynlegt er að fá skýrari línur fyrir leikskólastjóra hver ber ábyrgð á ýmsum framkvæmdum við húsakost leikskólans og eins vekur hann athygli á deilum um hver eigi að ryðja nýjan veg til að komast í leikskólann.

Kópavogi, 14.11. 2022

Vigdís Guðmundsdóttir